



**Innsetningarræða
Ólafs Ragnars Grímssonar í
embætti forseta Íslands
1. ágúst 1996**

Góðir Íslendingar!

Stjórnarskrá okkar mælir svo fyrir að fyrsti starfsdagur forseta Íslands sé í ágústbyrjun á hverju nýju kjörtímabili. Sú dagsetning kann að nokkru að hafa stjórnast af hagkvæmni, en hún er einnig táknað þjóðarminning. Fyrstu vikuna í ágúst árið 1874 hösluðu Íslendingar sér völlum í samfélagi þjóðanna með hátíðinni miklu á Þingvöllum. Þess var minnst að þúsund ár voru frá upphafi landnáms og þjóðin eignaðist þá sína fyrstu stjórnarskrá. Í henni var ekki einungis viðurkennd sérstaða Íslands heldur einnig lagður grunnur að þeim leikreglum lýðræðis og mannréttinda sem við höfum síðan talið kjarnann í samfélagi okkar. Það er mikilvæg skylda forseta Íslands að stuðla að því að ekki rofni þau bönd sem tengja okkur við ávinninga fyrri alda. Mikilvægasta skyldan er þó trúnaður forseta við þjóðina sjálfa, óskir hennar og vonir á hverri tíð.

Í ferð okkar hjónanna um landið í aðdraganda forsetakjörsins höfum við sannfærst um þá djúpu virðingu sem þjóðin ber fyrir störfum forseta lýðveldisins. Hornsteinn þeirra farsældar sem forseta Íslands hafa notið er hlýr og góður hugur í garð forsetaembættisins. Fáir þjóðhöfðingjar eiga þess kost að ræða við þorra landa sinna og kynnast hugarþeli þeirra. Þetta er á færi forseta Íslands, og það er einlæg von mín að það samband sem tekist hefur milli okkar og alþýðu manna til sjávar og sveita verði ekki sundur slitið.

Þegar lýðveldi var stofnað á Þingvöllum og forseti Íslands kjörinn fyrsta sinni var við fátt að styðjast um mótun embættisins, starfshætti forsetans og framgöngu alla. Á rúmlega hálfri öld hafa forsetarnir fjórir, hver á sinn hátt, treyst það samband forseta og þjóðar sem hlýtur að vera líftaug sérhvers sem hlotnast þessi trúnaður. Forsetar lýðveldisins hafa ávallt borið gæfu til að laga embættið og starfsvið þess að breyttum kröfum sinnar samtíðar. Svo mun vonandi verða um alla framtíð.

Það er með lotningu og þakkarhug sem þjóðin minnst Sveins Björnssonar, Ásgeirs Ásgeirssonar og Kristjáns Eldjárns á þessari hátíðarstundu. Hver með sínum hætti mótuðu þeir embættið og meitluðu.

Á undanförunum sextán árum hefur Vigdís Finnbogadóttir bætt nýjum þáttum í starfsvef forsetans. Hún hefur verið brautryðjandi í alþjóðastarfi embættisins um leið og hún hefur ræktað trú okkar á landið, menningu okkar og þjóðtungu. Hlýhugur hennar og hvatning til dáða og framfara munu geymast okkur í minni. Íslendingar allir færa henni einlæggar þakkir og óska henni heilla.

Við eigum í sögu okkar örlagarík tímabil þar sem úrslitum réð hvort menn báru gæfu til þess að setja sér sameiginleg markmið eða létu hver um sig stjórna af stundarhagsmunum. Sigurður Nordal lét svo um mælt að Sturlungar hefðu gengið fram en horft aftur. Þeir hafi átt gnótt glæsilegra minninga, „en hvorki vonir um betri framtíð, sem gætu hitað þeim til dáða, né raunhæft takmark og ásetning, sem skerpti vit og vilja til einbeittra athafna”.

Frumkvöðlar sjálfstæðisbaráttunnar á miðri síðustu öld miðluðu á hinn bóginn heimsýn þeirrar tíðar til annarra Íslendinga. Verk þeirra vísuðu á framtíðarveg og í fortíðina sóttu þeir hvatningu til dáða. Mitt í fátækt og réttleysi nýlendunnar setti Jón forseti sjálfstæðisbaráttunni markmið í stjórnámálum, viðskiptum og verklegum eignum, og studdi kröfur landsmanna sögulegum rökum. Fjölnismenn fundu svo að sínu leyti orðin sem voru samboðin sjálfstæðri þjóð.

Athyglisvert er að það var ungt fólk sem stóð í framvarðarsveit sjálfstæðisbaráttunnar. Og enn hljótum við að setja traust okkar á unga fólk. Við hin eigum einnig skyldur okkar við það. Sú kynslóð kvenna og karla sem nú er að útskrifast úr skólum er hin fyrsta á Íslandi sem hefur heiminn allan að vinnusvæði. Hana skortir hvorki þjóðernisvitund, virðingu fyrir íslenskri menningu né ást á náttúru landsins, en hún er einnig raunsæ og kröfuhörð. Þá vaknar sú spurning hvort okkur tekst að sigra í hinni alþjóðlegu samkeppni um unga fólk á Íslandi. Mun það kjósa að búa með okkur hér í útsænum eða afla sér viðurvaris annarstaðar? Svárið ræðst af því hvernig okkur, sem stöndum fyrir ráðum, tekst að opna hug okkar og setja þjóðinni hæfileg markmið.

Aldamótin eru kjörið tækifæri til þess að sameinast um þjóðarásetning sem skerpt getur vit okkar og vilja til einbeittra verka. Það ætti að vera verkefni einstaklinga, samtaka og fyrirtækja að velja Íslendingum ný og heillandi viðfangsefni á komandi öld.

Meðal þess sem til álita kemur er að nýta sérstöðu Íslands við verndun umhverfis og afla viðurkenningar á því að hreint land, óspillt lífríki og haldbær náttúrugæði séu okkar aðalsmerki. Við hljótum einnig að fjalla um andlegar auðlindir okkar, um hinn forna arf en ekki síður hinar lifandi listir, og um þá menntun og menningu sem eflir og agar nýjar kynslóðir. Gleymum því heldur ekki þegar við hyggjum að framtíðarverkum, að heilbrigðir lífshættir, hollusta, og tryggð við fjölskyldu og vini eru traustir innviðir í sérhverju samfélagi.

Það er einlægur ásetningur minn sem forseti Lýðveldisins að tengja saman krafta og hugvit allra þeirra sem móta vilja sýn þjóðarinnar til nýrrar aldar og ræða þau markmið sem geta sameinað hana til góðra verka.

Það hefur kostað landsmenn miklar fórnir á þessum áratug að ráða bót á ýmsum meinsemdum í efnahagslífi og atvinnuskipan. Segja má að nokkurt jafnvægi hafi náðst. Heimilin eru þó ærið mörg skuldsett meira en hófi gegnir, og ýmsir samfélagshópar bera skarðari hlut frá borði en réttlætiskennd okkar þolir. Mörgum finnst að nú hljóti að vera kominn tími til þess að uppskera laun erfiðisins. Þetta er eðlileg hugsun og ber vott um vaxandi framfarahug í landinu. Sé rétt á haldið eigum við þess allan kost að búa við traust líf skjör, góða velferðarþjónustu og eðlilegt jafnræði manna í milli. Til þess þurfum við að tileinka okkur skipulegri vinnubrögð en okkur hafa verið töm. Til þess þurfum við að nýta þau færi sem okkur skapast á nýrri öld.

Á næstu misserum er brýnt að mynda þjóðarvilja og trausta samstöðu um að líf skjör allra Íslendinga jafnist á við það sem best gerist með nágrannaþjóðum okkar. Án slíks árangurs gæti ungt fólk glatað trú sinni á Ísland sem framtíðarheimkynni.

Við eigum að vera bjartsýn þegar við hugum að möguleikum okkar sem þjóðar í náinni framtíð. Þróun heims mála, vísinda og tækni er okkur á margan hátt hagfelld. Við blasir ný veröld sem einkennist fremur af opnum samskiptum en af lokuðum valdakerfum. Hæfni og hugvit skipta meira máli en stærð og styrkleiki. Hinn smái getur haft til að bera snerpu og knáleik sem oft dugar ekki síður en afl risans við að hagnýta tækni nútímans.

Við Íslendingar eigum því einstæða möguleika. Við erum alstaðar boðin velkomin til samstarfs við nýfrjálsar þjóðir og þróunarríki. Enginn þarf að óttast okkur vegna stærðar eða hugsanlegs yfirgangs. Einangrun vegna fjarlægðar og samgönguhindrana er að mestu úr sögunni og tækifæri bíða í öllum heimshlutum.

Árið 2000 fögnum við ekki aðeins áfanga í tímatali mannkyns. Við munum einnig efna til hátíðar í minningu þess að þúsund ár verða liðin frá því að við kristni var tekið á þingi. Þá var ákveðið á Þingvöllum að hafa ein lög og einn sið og slíta ekki sundur friðinn. Sú sáttargjörð vísaði fram á veginn en ekki aftur til horfins tíma og hverfandi hugmyndaheims. Kristnitaka er dýrmætt sögulegt fordæmi um það hvernig hægt er að leiða til lykta hin erfiðustu úrlausnarefni á friðsaman hátt.

Aldamótaárið minnumst við þess einnig að þúsund ár eru liðin frá landafundum íslenskra sæfara í Vesturheimi. Siglingaafrek forfeðra okkar eru sögulegt þrekvirki. Landnámshugurinn sem einkenndi þau eru merkilegt rannsóknarefni. Það er vel við hæfi að minnast landafundanna með myndarlegum hætti kringum aldamótin. Í svari mínu við heillaóskum forseta Bandaríkjanna mun ég vekja sérstaka athygli á þúsund ára afmæli landafundanna og hvetja til samstarfs um að minnast landkönnuðanna og ræða áhrif landnemahugarfarsins í sögu og menningu Íslands og Bandaríkjanna og einnig Kanada.

Hollt er og að minnast þess að þar vestra eigum við að vinum fjölda fólks sem rekur ættir til hinna síðari landnema, sem þangað fóru í lok síðustu aldar. Vestur-Íslendingar halda nú um helgina sinn Íslendingadag í Gimli. Ég sendi þeim hlýja kveðju mína og þjóðarinnar og vænti góðs samstarfs við þá um ræktun arfsins sem við eigum öll saman.

Um leið vil ég bjóða hjartanlega velkomna hina nýjstu landnema Íslands, það fólk frá stríðshrjáðum lendum Balkanskagans sem hefur ákveðið að leita hagsældar og hamingju hér meðal okkar og er nú sest að á æskuslóðum mínum á Ísafirði.

Við eigum mikið undir því að milli okkar og annarra þjóða liggi gagnvegir. Á undanförunum árum og áratugum höfum við Íslendingar treyst tengsl okkar við þjóðir annarsstaðar í Evrópu innan vébanda margskonar samtaka og stofnana, svo sem Norðurlandaráðs og Evrópuráðs, Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópska efnahagssvæðisins, Norður-Atlantshafsbandalagsins og Samtaka um öryggi og samvinnu. Evrópusamvinnan er okkur vissulega mikilvæg og mun enn þróast og vaxa á komandi árum.

Fjöldi smárra ríkja hefur á þessum áratug bæst í hið evrópska samfélag. Margar þessara þjóða sækjast nú eftir náinni samvinnu við Íslendinga. Þær leita fyrirmynda í daglegri önn sjálfstæðs þjóðríkis sem býr við full mannréttindi og almenna velferð. Vitneskjan um einstæða reynslu okkar er þessum þjóðum ofarlega í huga þegar þær feta sig áfram

á braut lýðræðis og mannréttinda. Við höfum á rökri hálfri öld sannað réttmæti þess að tiltölulega fámenn samfélög njóti sjálfstæðis. Þess vegna mun framlag okkar Íslendinga til framtíðar Evrópu verða mikils metið.

Hjá Sameinuðu þjóðunum og annarstaðar þar sem Íslendingar mæta til leiks á alþjóðavettvangi þarf rödd lýðræðis og mannréttinda að hljóma hátt og snjallt. Einstæði sögulegir atburðir, svo sem kristnitakan og sjálfstæðisbarátta sem eingöngu var háð með orðsins brandi, leggja okkur á herðar þá skyldu að miðla öðrum af reynslu okkar og friðarhefð. Saga Íslendinga er sönnun þess að hægt er að ná sáttum um grundvöll samfélagsins og hljóta sjálfstæði og full lýðréttindi án þeirra mannfórna sem mótað hafa örlög margra þjóða.

Ég hef nú unnið drengskaparheit að stjórnarskrá lýðveldisins. Með einlægri virðingu fyrir ákvæðum hennar tekst ég á hendur það trúnaðarstarf sem framar öðrum er táknið um sjálfstæði Íslendinga. En ekki verður allt skráð í lögbækur. Að rækja starf forseta Íslands er fyrst og fremst þjónusta við þjóðina. Einungis dómgreind, lífsreynsla og lifandi tengsl við fólkið í landinu geta vísað forseta rétta leið í starfi. Við þessi kaflaskipti í mínu lífi minnst ég allra þeirra sem mig hafa mótað, einkum móður minnar og föður, ömmu minnar og afa fyrir vestan sem veittu mér í æsku það veganesti sem ég tel mest um vert.

Ég bið ykkur öll að minnast á okkar og ættjarðar.

Megi blessun Guðs og gjöful náttúra færa Íslendingum gæfu um alla framtíð.